

**8. fundur Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd haldinn Miðtúni 1,  
Tálknafirði, fimmtudaginn 16. apríl 2015  
og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Sigurvin Hreiðarsson (SH) formaður, Aðalsteinn Magnússon (AM) aðalmaður, Lilja Magnúsdóttir (LI) aðalmaður, Árni Traustason (ÁT) byggingafulltrúi, Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG) skipulagsfulltrúi, Elfar Steinn Karlsson (ESK) embættismaður og Davíð Rúnar Gunnarsson (DRG) embættismaður.

**Fundargerð ritaði:** Elfar Steinn Karlsson,

Óskar Örn Gunnarsson skipulagsfulltrúi og Árni Traustason byggingafulltrúi eru viðstaddir í gegnum fjarfundarbúnað.

Sigurvin Hreiðarsson viku fund undir lið 1.

**Dagskrá:**

**1. 1503055 - Umsókn um leyfi til niðurrifs.**

Erindi frá Arnari F. Jónssyni f.h. Dýrfisks hf. Í erindinu er óskað eftir leyfi til niðurrifs á gömlu eldisstöð Dýrfisks, landnr. 140294, fastanr. 212-4282. Fyrirhugað er að reisa nýtt eldishús á sama stað.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir erindið.

**2. 1406081 - Breyting á aðalskipulagi.**

Tekin fyrir tillaga að breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018. Greinargerð og uppdráttur dagsettur 20. október 2014.

Tillagan var auglýst frá 9. febrúar til 23. mars 2015 og bárust engar athugasemdir á auglýsingatíma.

Umsagnir liggja fyrir frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða og Samgöngustofu við tillöguna en óskað var umsagnar hjá Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, Minjastofnun, Samgöngustofu og Vegagerðinni. Vegagerðin og Minjastofnun gáfu umsögn við skipulagslýsingu en ekki við tillöguna.

Umsagnir gáfu ekki tilefni til efnislegra breytinga á tillögunni.

Fyrir liggur einnig fornleifaskráning af svæðinu.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir tillöguna og felur skipulagsfulltrúa að afgreiða breytinguna skv.32. gr.skipulagslaga nr. 123/2010.

**3. 1410064 - Deiliskipulag Túnahverfi**

Deiliskipulag íbúðarsvæði Túnahverfi í Tálknafirði tekið fyrir, greinargerð og uppdráttur.

Tillagan var auglýst frá 9. febrúar til 23. mars 2015 og bárust engar athugasemdir á auglýsingatíma.

Umsagnir liggja fyrir frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða og Samgöngustofu við

deiliskipulagið en óskað var umsagnar hjá Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, Minjastofnun, Samgöngustofu og Vegagerðinni. Vegagerðin og Minjastofnun gáfu umsögn við skipulagslýsingu en ekki við tillöguna. Umsagnir gáfu ekki tilefni til efnislegra breytinga á tillögunni.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir tillöguna og felur skipulagsfulltrúa að afgreiða deiliskipulagið skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**4. 1405020 - N1, uppgröftur geyma - Strandgata 28.**

Upplýsingagjöf Slökkviliðsstjóra.

Rætt um fyrirhuguð rif á Strandgötu 28.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:10.**

---

---

---

---

---

---

---

---